

# Skólaráð

---

Skólaráð 30. maí 2012. kl. 8:10-9:35

24. fundur .

**Mættir:** María Pálmadóttir, skólastjóri, Hrönn Bergþórsdóttir, aðstoðarskólastjóri, Mjöll Flosadóttir, fulltrúi foreldra, Vilhjálmur K. Haraldsson, fulltrúi foreldra, Selma Jónasdóttir, fulltrúi kennara, Ragnheiður Ásmundsdóttir, fulltrúi kennara, Ásta Eyjólfsdóttir, fulltrúi annarra starfsmanna, Kristófer Óttar Úlfarssons, fulltrúi nemenda, Vilborg Harðardóttir, fulltrúi nemenda og Pálmar Sigurðsson fulltrúi grenndarsamfélags.

Því næst var gengið til dagskrár.

## Niðurstöður Olweusar-könnunar

- Hálfan Þorsteinsson deildarstjóri unglingastigs fór yfir niðurstöður Olweusar-könnunar sem lögð var fyrir nemendum í 4.-10. bekk í nóvember 2011 og einnig 2010. Gerður var samanburður á milli þessa tveggja kannana. Þátttaka var um 98%. Helstu niðurstöður eru eftirfarandi;
  - Stelpum líkar vel í skólanum
  - 4 einstaklingum líður illa í skólanum
  - 3 stelpur segjast ekki eiga vinkonu í skólanum og 1,5 strákur
  - Einelti á sér stað á skólalóðinni og göngum skólans
  - 90% barna segjast ekki taka þátt í einelti
  - Einelti mælist mest í 4.-5. bekk og minnkar eftir því sem nemendur eldast.
  - 86% barna eru ekki hrædd um að vera lögð í einelti
  - Nemendur sem telja sig hafa orðið fyrir einelti eru flest í 4. bekk eða 26% en 7% í 5. bekk.

## Starfsmannasamtöl

- María skýrði frá því að í starfsmannasamtölum hafi verið lagðar fyrir kennara 11 spurningar til að svara. Verð er að ljúka úrvinnslu á starfsmannasamtölum. Mörg áhugaverð svör komu fram, þeirra á meðal eftirfarandi; Fagleg þekking;

Kennarar vilja:

- hafa vald á meiri tölvu- og tæknikunnáttu
- vinna með fjölbreytilegar kennsluaðferðir
- Námsskráin vinnan framundan við að innleiða hana
- Meiri útikennslu
- Læra meira um talnablindu
- Glærugerð
- Auka þekkingu til að takast á við börn með kvíða

Vinnuumhverfið

- gott starfsfólk

## Skólaráð

---

- of stórir bekkir í unglिंगadeild, þannig að það þarf að leggja áherslu á að styðja við unglिंगadeildina.
- Auka opnun á bókasafni
- Nauðsynlegt að endurnýja búnað
- Of knappur tími til undirbúnings

Tengsl starfsmanna:

- Virðist vera góð tengsl á milli starfsmanna
- Erfitt fyrir nýja kennara að koma inn þar sem mikil hópamyndun er hjá kennurum
- Stundum of mikið af fundum
- Samskipti við foreldra góð

SMT:

- Kennarar og starfsmenn mættu vera duglegri að gefa geisla

Framfara skref sem starfsmenn vilja sjá í skólanum:

- lengja tímann til undirbúnings kennslu
- bæta þjónustu á bókasafni og opnunartíma
- PALS í öllum árgöngum
- Hafdís Baldursdóttir er fagstjóri í nátturufræðin yngra stigs.
- Afdrep fyrir börn með hegðunarröskun/frávik, þarf að skoða og bregðast við því.

Fram kom hjá skólaliðum sem starfa við heilsdagsskólann að:

- Ekki sami agi, en þar er ekki stuðst við SMT
- Skólaliðum finnst gaman að fara inn í bekk og aðstoða þannig tengjast þeir nemendum og kennurum meira.

### Skipulag skólaárið 2012-2013

- Fram kom að valfög í 9. og 10. bekk verða nú í samstarfi við Lækjarskóla, en með því eykst vonandi úrvalið á því sem í boði er. Í boði eru framhaldsáfangar í stæ.103 og ensku 103. Samstarf er við Gaflaraleikhúsið og Iðnskólann um val. Valtímar í 8. bekk eru fleiri en í fyrra. Þetta er þróun til góðs.
- Hálfván Þorsteinsson, deildarstjóri unglिंगadeildar mun fara í leyfi, en hann hefur verið ráðinn sem aðstoðarskólalastjóri í Vogaskóla til eins árs.
- Á næsta skólaári verður ekki tekin inn 5 ára deild, eins og hugmyndir voru uppi um, en áfram mun verða unnið að undirbúningi fyrir að hún komi inn skólaárið 2013-2014.
- Annað skipulag skólans verður með hefðbundnu sniði eins og verið hefur. Nokkrar breytingar verða á umsjónarkennurum hjá nokkrum bekkjum. En 4. 6. og 7. bekkjum verður skipt upp í nýjar bekkjadeildir.

### Önnur mál

**Skóladagatalið:** Breyting verður á skóladagatalinu þannig að skipulagsdagur sem vera átti 25. maí verður 10. maí, það á þó eftir að samþykkja þetta í Fræðsluráði Hafnarfjarðarbæjar.

# Skólaráð

---

**Bókarkaup:** rætt var um bókakaup en reynt verður að draga úr því eins og hægt er.

**Skólalóðin:** stjórnendur hafa sent bréf til bæjaryfirvalda vegna ástand skólalóðar, en fara þarf í ýmsar lagfæringar. Á vegum bæjarins kemur starfsmaður vegna verkefnisins „Vinnandi vegur“ og vinnur skólaliðastörf. Húsvörður ásamt baðverði fara í lagfæringar á húsnæði skólans.

Þetta er síðasti fundur á þessu skólaári. María þakkar samstarfið við skólaráðið en hún verður í námskeyfi næsta skólaár, hún þakkaði einnig fyrir góðan stuðning sem skólaráðið hefur verið við skólastjórnendur. Hrönn Bergþórsdóttir aðstoðarskólastjóri leysir hana af.

Vilhjálmur K. Haraldsson, fulltrúi foreldra hættir einnig í skólaráðinu eftir þetta skólaár. Var honum þakkað fyrir gott samstarf.

Fleira ekki tekið fyrir – fundi slitið kl. 9:35

Mjöll Flosadóttir